

Tæknifræðingar. Réttindabreytingar og þróun lífeyris, launa og verðlags


Tæknifræðingar greiddu í Lífeyrissjóð Tæknifræðingafélags Íslands sem var stofnaður árið 1965. Lífeyrissjóðurinn var séreignarsjóður með örorkulífeyristryggingu. Sjóðurinn sameinaðist Lífeyrissjóði arkitekta árið 1998 þegar þessir tveir sjóðir stofnuðu Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga. Sá sjóður sameinaðist ALVÍB árið 2003 þegar Almenni lífeyrissjóðurinn var stofnaður.

Þróun lífeyris tæknifræðinga 1998-2010 og samanburður við laun og verðlag

Ár	Launavísitala	Vísitala neysliverðs	Tæknifræðingar
1998	100	100	100
1999	105	102	103
2000	110	105	108
2001	115	110	115
2002	125	120	135
2003	135	125	145
2004	140	128	180
2005	150	135	185
2006	165	140	210
2007	185	145	240
2008	195	155	260
2009	210	180	270
2010	220	195	260

Frá árinu 1998 hafa lífeyrisréttindi tæknifræðinga hækkað um 159% og mun meira en launavísitala og vísitala neysliverðs.

Breytingar á réttindum umfram verðlag



Hér má sjá breytingar á réttindum tæknifræðinga umfram verðbólgu einstök ár. Fram til ársins 1998 höfðu tæknifræðingar eingöngu greitt í séreignarsjóð.